

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Eyravegur 40.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 3. september 2025 deiliskipulag fyrir íbúðir á lóðinni Eyravegur 40 á Selfossi. Gert er ráð fyrir 3, 4 og 5 hæða stölluðu fjölbýlishúsi með íbúðum á öllum hæðum ofanjarðar. Samtals er gert ráð fyrir allt að 34 íbúðum á lóðinni. Heimild er fyrir kjallara t.d. fyrir bílastæði, geymslur eða önnur stoðrými.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 18. nóvember 2025.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,
Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 2. desember 2025